
FORN GARÐLÖG Í KELDUNESHREPPI:

FORNLEIFAKÖNNUN Á GARÐLÖGUM



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR
STEFÁN ÓLAFSSON

MEÐ VIÐAUKA FRÁ MAGNÚSI Á. SIGURGEIRSSYNI

Reykjavík 2012
FS481-11131

Fornleifastofnun Íslands ses



Forsíðumynd er af Austurgarðaseli í Kelduneshreppi og sýnir vel landslag og staðhætti í á svæðinu. Ljósmyndari: Árni Einarsson.

© Fornleifastofnun Íslands 2012
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	5
2. Fornar heimildir um garðlög.....	7
3. Garðlög í Kelduneshreppi	11
4. Könnunarskurðir 2011	15
Skurður 1: Þvergarður nálægt Bláskógum í landi Laufáss	16
Skurður 2: Langgarður við Fremri Fjöll	19
Skurður 3: Þvergarður í landi Ingveldarstaða og Tóveggs	22
Skurður 4: Langgarður í landi Garðs	25
Skurður 5: Þvergarður frá Hraungerði í landi Undirveggs	27
Skurður 6: Þvergarður nyrst í landi Ingveldarstaða	30
5. Niðurstöður	33
Heimildir	39

Viðauki 1: Gjóskulagagreining

Viðauki 2: Ítarlegar upplýsingar um lög í sniði skurða

1. Inngangur


Í sumarlök 2011 voru teknir sex skurðir í garðlög í Kelduneshreppi. Markmiðið var að aldursgreina garðlögin, kanna byggingu þeirra og notkunartíma og bera þau saman við forn garðakerfi sem skráð hafa verið og rannsökuð á síðustu árum í Suðurlingeyjarsýslu og í Dalvíkurbyggð í Eyjafirði. Aðdragandi rannsóknarinnar var sá að á árunum 2005-2007 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í sveitarfélaginu í tengslum við aðalskipulag. Árið 2006 voru einnig teknar loftljósmyndir á svæðinu á vegum Náttúrurann-

sóknastöðvarinnar við Mývatn sem var liður í víðtækri kortlagningu garðlaganna fornu í Þingeyjarsýslum.

Þessar athuganir leiddu í ljós að óvída eru jafnmiklar og fjölbreytilegar leifar um byggð fyrri alda.¹

Í flestum öðrum sveitum er algengt að

finna eitt til tvö forn eyðibýli fyrir hvert lögbýli í byggð en í Kelduneshreppi er hlutfallið 3-4 eyðibýli fyrir hvert lögbýli og það sem meira er: flest þeirra sjást ennþá, lítið skemmd. Við skráningu fannst mikið af garðlögum sem virtust forn og minntu talsvert á garðlög sem rannsökuð hafa verið í suðursýslunni og í Dalvíkurbyggð. Til að ganga úr skugga um hvort túlka mætti garðana í Kelduneshreppi sem hluta af forngörðum Norðurlands sóttu Fornleifastofnun og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn saman um styrk til Fornleifasjóðs síðastliðið vor til að grafa skurði í valin garðlög um allt svæðið. Höfuðmarkmið rannsóknarinnar var að aldursgreina garðana og öðlast betri skilning á hlutverki þeirra og umfangi.



Staðsetning rannsóknarsvæðisins, Kelduneshreppur, sýnd með rauðum kassa, á loftmynd frá Landmælingum Íslands

¹ Stefán Ólafsson. 2008.

Styrkur úr Fornleifasjóði fékkst á vordögum og voru könnunarskurðirnir grafnir síðari hluta ágústmánaðar 2011. Fornleifafræðingarnir Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Stefán Ólafsson grófu skurðina en Elín sá um úrvinnslu og ritun skýrslu. Greining gjóskulaga var í höndum Magnúsar A. Sigurgeirssonar gjóskulagafræðings. Oscar Aldred sá um kortagerð.

Við vinnslu verksins nutu fornleifafræðingar aðstoðar og velvildar Árna Einarssonar hjá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn sem um langt árabil hefur rannsakað garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu. Auk styrks úr Fornleifasjóði nutu leiðangursmenn gestrisni Þjóðgarðsins í Ásbyrgi en forsvarsmenn Gljúfrastofu lánuðu leiðangursmönnum endurgjaldslaust gamla skógarvarðarhúsið í Ásbyrgi og skipti það sköpum fyrir verkið.

Skýrslunni sem hér fylgir á eftir er skipt í fjóra kafla. Í 2. kafla er að finna samantekt um heimildir um forngarða. Í kafla 3 er helstu einkennum garðakerfisins í Kelduneshreppi lýst og í kafla 4 eru birtar niðurstöður úr uppgrefti í sex garðlög sumarið 2011. Í fimmta og síðasta kaflanum er að finna helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

Í viðaukum aftast eru ítarlegri lýsingar á mannvistarlögum í skurðunum sex sem teknir voru ásamt skýrslu Magnúsar Á. Sigurgeirssonar gjóskulagafræðings.

2. Fornar heimildir um garðlög

Í fornum heimildum má finna ýmsar vísbendingar um að garðar og garðhleðsla hafi víða verið mikilvægur hluti af búskaparháttum á fyrstu öldum byggðar í landinu. Forn lagasöfn eru ein mikilvægasta forna ritheimildin sem fjallar um garðlög. Í Grágás er að finna ýmis lagaákvæði um garðhleðslu og af þeim má ráða að skyldur manna á því sviði hafi verið umtalsverðar, bæði í heimahögum og til að girða af sameiginlegt afréttarland. Í lögnum eru mjög nákvæmar og ítarlegar leiðbeiningar um hverjir eigi að hlaða garða, hvenær ársins og hvar. Þar er einnig að finna fyrirmæli um hvernig svokallaður *löggarður* eigi að líta út. Samkvæmt Grágás átti slíkur garður að vera fimm feta þykkur að neðanverðu (125-150 cm, eftir því hvaða skilgreining á feti er notuð) en mjókka upp og vera þriggja feta þykkur að ofan (75-90 cm). Hann átti að ná meðalmanni í öxl (h.u.b. 150 cm) *frá þrepi* en það er líklega grunnurinn sem garðurinn var byggður á - en umhverfis hann hefur oft verið skorið torf og raunveruleg hæð mannvirkisins því meiri. Þessi nákvæma lýsing laganna hefur líklega átt að tryggja það að garðar væru fjárheldir enda ýmis viðurlög við því að láta búfénað ganga um annars manns land. Í Grágás er kveðið á um að stóran hluta sumars, samtals þrjú mánuði, eigi að helga garðhleðslu og að á því tímabili megi aðeins sinna allra nauðsynlegustu verkum, s.s. rekstri fjár og söfnun eldiviðar. Samkvæmt lögbókinni átti garðhleðslan að hafa forgang tvo mánuði snemma sumars (löggarðsönn) og einn að hausti (garðlagsönn) í þrjú ár eftir að nágrenni þinn hafði kvatt þig til garðlags.²

Eitthvað virðist draga úr þeirri miklu áherslu sem lögð er á garðhleðslu í Grágás í yngri lögum en þó eru áþekkar kvaðir í Jónsbók þótt þar sé minni áhersla lögð á merkjagarða en meiri á garða í kringum tún og engi. Í viðbótum við lögin (Réttarbót Eiríks Magnússonar konungs frá 1294) virðist áherslan á hleðslu garða hafa minnkað og þar kemur fram að menn skuli fá fullar bætur fyrir það tjón sem búfé annarra veldur á tünnum, ökrum og engi þeirra, þrátt fyrir að svæðin séu ekki afgirt með garði.³

Lagabókstafurinn bendir því til að garðhleðsla hafi verið álitin mjög mikilvægt starf á fyrstu öldum byggðar en að dregið hafi úr áherslu á hana þegar fram liðu stundir.

² Grágás. 1852: 91-96. Grágás. 1879: 120-21 og 450-51.

³ Jónsbók. 1904: 161, 187 og 282.

Mikilvægar vísbendingar um gildi garða á fyrri öldum má einnig sjá á fjölda varðveittra fornbréfa í Íslensku fornbréfasafni (Diplomatarium Islandicum) sem geta garða. Árið 2002 gerði Oddgeir Hansson úttekt á safninu og safnaði upplýsingum um öll þau fornbréf þar sem minnst var á garðlög. Hann fann samtals 125 bréf þar sem getið var um 161 garð en eitt af því sem helst kom á óvart var sú staðreynd að langflest bréfa voru úr Norðlendingafjórðungi eða um 70%. Flest bréfa voru reyndar úr þremur sýslum: Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suður Þingeyjarsýslu.⁴ Niðurstöðurnar benda til að garðar hafi verið algengari norðan heiða en í öðrum landshlutum en þó er rétt að geta þess að vissulega hafa varðveist bréf um garða víða annars staðar frá sem og frásagnir og leifar slíkra garða og að hlutfall varðveittra fornbréfa almennt er hærra norðan heiða.⁵

Garðlaga er getið í ýmsum öðrum fornum heimildum, t.d. í nokkrum Íslendingasögum. Garða er víðast getið í framhjáhlupi þó að stundum séu þeir hluti af mikilvægri atburðarrás. Í nokkrum sögum er garðhleðslan tengd við menn sem virðast vart mennskir að afli og eru hálfgerðir berserkir. Sögurnar eiga það sammerkt að söguhetjur semja við þessa menn um að hlaða langa og mikla garða. Þetta gera aflsmennirnir listilega vel svo að undrum sætir en hljóta þó yfirleitt ekki önnur laun en bráðan dauða.⁶ Í nokkrum tilfellum er þess einnig getið að umræddur garður sjáist enn þegar sagan er rituð.

Frásagnir Íslendingasagna af garðhleðslu hafa oft á sér þjóðsagnakenndan blæ. Í mörgum tilfellum mætti segja að þessar frásagnir bendi til þess að garðhleðsla hafi ekki verið hversdagsleg eða algeng iðja á tímum söguritara á þeim svæðum þar sem þeir þekktu til. Í sumum tilfellum virðist ljóst að mikil garðlög hafi verið greinileg á ritunartímanum og frásögnin því e.t.v. leið til að skýra mannvirki sem mönnum þótti ólíklegt að venjulegt fólk gæti hafa hlaðið í hjáverkum.

Í slíkum anda eru líka nokkrar frásagnir sem varðveist hafa í þjóðsagnasöfnum sem og í munnlegri geymd. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar hafa t.d.

⁴ Oddgeir Hansson. 2002.

⁵ Sem dæmi um fræga garða sem enn má sjá má nefna Bjarnagarð í Landbroti (Sigurður Þórarinnsson. 1982 og Jón Jónsson 1984), garð yfir Seltjarnarnes (Jóhann Helgason. 1995 og Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon 1992), Skagagarð á Garðskaga (Kristján Eldjárn 1977) og Prælagarð í Biskupstungum (Bryndís G. Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson 1986).

⁶ Í Eyrbyggju reisir t.d. Hallur berserkur garð fyrir Styr sem drepur hann síðan (Íslensk fornrit IV) og í Finnbogasögu fær Finnbogi Þorgrím sem lýst er sem miklum manni til að hlaða fyrir sig garðlög en drepur hann svo (Íslensk fornrit XIV). Í Fljótsdælu er getið um Ásbjörn vegghamar sem er mikill maður að vexti og "heldur óþokkulegur" en frábær garðhleðslumaður og hlóð samkvæmt sögunni garða sem enn stóðu er sagan var rituð (Íslensk fornrit XI). Þessi garður sést enn glögg í Njarðvík.

varðveist frásagnir af garðahleðslum sem skýra eiga máltækið *að gjalda Torfalögin*. Önnur sagan greinir frá því að þetta máltæki eigi rætur að rekja til Torfa Jónssonar á Klofa í Landi í Rangárvallasýslu en hin að máltækið hafi verið haft um Torfa nokkurn á Torfabæ við Vogsósa. Báðar eiga frásagnirnar það sameiginlegt að telja skýringuna skattlagningu sem Torfarnir, sem samkvæmt sögunum voru valdamiklir og stórlátir, hafi lagt á fólk þegar það fór um eða skoðaði mikil garðlög sem þeir áttu að hafa reist.⁷ Í Skagafirði eru þekktar þjóðsögur um tvo garða: Völugarð og Blákápugarð en í báðum tilfellum áttu hálfgerðar tröllkonur að hafa byggt eða látið byggja garðinn, grafið þar gersemar og lagt á álög.⁸ Örnefni eins og Skessugarður í Svarfaðardal er líklega vísbending um áþekka sögu þótt hún sé nú týnd. Þessar sögur eru enn eitt merki þess að menn hafi furðað sig á umfangi fornra garðlaga og talið þau krefjast skýringa af yfirnáttúrulegum toga. Örnefnið Þrælagarður (í Biskupstungum) er af sama meiði þó að þar sé gripið til öðruvísi skýringa, þ.e. að garðurinn hafi verið hlaðinn af þrælum og svipaðar skýringar hafa verið hafðar um Kolsgarð í Flóa sem þrælar Kols landnámsmann áttu að hafa hlaðið til að auðvelda ferð bónda síns til ástkonu í nágrenninu.⁹

Sú þekking sem ritaðar heimildir veita um garðlög er vissulega brotakennd en gefur samt athyglisverðar vísbendingar. Þó að lesa megi lögin sem svo að garðahleðsla og garðlög hafi verið álitin sjálfsagður hluti af búskaparháttum á því tímabili sem elstu lögbækur landsins voru skráðar þá benda varðveitt bréf í Íslensku fornbréfasafni til að garðahleðsla hafi verið mun algengari og sjálfsagðari hluti af búskaparháttum norðan heiða heldur en annars staðar. Íslendingasögur gefa einnig vísbendingu um að garðar hafi á ritunartíma þeirra víða haft yfir sér dulúðugan blæ og umfang þeirra virðist snemma hafa þótt svo mikið að eðlilegt væri að eigna gerð þeirra hálfgerðum ofurmennum. Þessi hefð lifir svo áfram í munnmælum og þjóðsögum á forni sagna sem skýra eiga tilurð garðanna.

⁷ Íslenskar þjóðsögur II: 133-138 og IV: 141.


⁸ Um Völugarð sjá Pál Sigurðsson 1979. Um Blákápugarð sjá sama en einnig: Jón Norðmann 1946:73-74 og Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, 95.

⁹ Samantekt um sögu Kolsgarðs, í handriti á Árnastofnun.

3. Garðlög í Kelduneshreppi

Kelduneshreppur er nú hluti af nýlega sameinuðu sveitarfélagi, Norðurþingi. Gamli Kelduneshreppur er vestarlega í Norður-Þingeyjarsýslu og nær frá Axarfirði að Tunguheiði sem liggur út Tjörnrestanga. Sveitin einkennist af flatlendum heiðum sem eru vaxnar lyngi- og kjarri. Þær eru í aflíðandi halla til norðurs, að sjó og eru víða sundurskornar af miklum og djúpum gjám.

Skráning á menningarminjum í Kelduneshreppi á árunum 2005-2007 leiddi í ljós mikinn fjölda af lítið skemmdum rústum á svæðinu. Á svæðinu var skráð mikið af rústaþyrpingum með garðlagi eða jafnvel margföldum garðlögum umhverfis. Garðlögin og rústirnar virðast fornar en fáar heimildir eru um þessa staði fyrr en á síðari öldum. Í raun er glettilega lítið vitað um aldur rústaþyrpinga í Kelduneshreppi og hlutverk þeirra - þó líklegast sé að á þeim flestum hafi verið e.k. búseta. Hvort



Þekkt garðlög í Kelduneshreppi. Prufuskurðir eru merktir með rauðum þríhyrningum

rústirnar eru ummerki eftir e.k. árstíðabundna landnýtingu (sel/útstöðvar) eða heilsársbúskap er hins vegar erfitt að skera úr um án frekari rannsókna.

Við skráningu á menningarminjum í Kelduneshreppi voru kortlögð fjölmörg garðlög sem virtust forn. Lega garðlaganna í Kelduneshreppi er talsvert frábrugðin þeim garðakerfum sem rannsökuð hafa verið í Suður-Þingeyjarsýslu og í Eyjafirði. Í stað hinna beinu og oft hornréttu garða suðursýslunnar eru garðarnir í Kelduneshreppi

gjarnan óreglulega hringlaga og mynda víð og oft margföld gerði um rústaþyrpingar. Þessir garðar virðast afmarka heimatún, úthaga og stundum landareignir smærri býla. Þar sem stærstur hluti garðlaganna er ekki tengdur saman í garðanet er erfiðara en ella að tala um eiginlegt garðakerfi í Kelduneshreppi. Flest bendir þó til að garðlögin hafi verið hluti af einhverri almennri hugmynd um nauðsyn garðakerfa og að því leyti megi lýsa þeim sem garðakerfi.

Þrátt fyrir að flestir garðanna í Kelduneshreppi séu hringlaga eru þó nokkrar undantekningar frá reglunni. Á nokkrum stöðum eru leifar af garðlögum sem virðast hafa legið eftir endilöngu hverfinu, þ.e. austur-vestur. Þrjá slíka garða má t.d. greina í vestarlega í hreppnum hjá Fremri-Fjöllum. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vera stuttir. Þrátt fyrir það ganga þau munnmæli meðal heimamanna að syðsti garður á þessum slóðum hafi legið alla leið frá Fremri-Fjöllum eftir hverfinu endilöngu og að Ásbyrgi.¹⁰ Slíkur garður sést ekki lengur þó á einstaka stað megi greina garðlög sem mætti hugsa sér að hafi verið hluti af slíkum garði.

Það er athyglisvert að í Kelduneshreppi er ekki að finna garðlög á merkjum. Flestar stærri jarðirnar eru langar og mjóar og snúa NNA-SSV í landinu. Merkin fylgja stundum náttúrulegum gjám, eða veggjum eins og heimamenn kalla þær, en oft eru merkin ekki annað en mið í óljós kennileiti í fremur einkennasnaudu landinu. Ekki er augljóst hverju þetta sætir en nánar verður fjallað um það í niðurstöðukafla.

Eins og áður segir er eitt helsta einkenni garðakerfisins í Kelduneshreppi að garðarnir virðast fyrst og fremst hafa verið byggðir sem einhvers konar túngarðar og/eða hagagarðar um nytjaeiningar (sel/útstöðvar) eða býli. Auk þessara hringlaga garða er þó talsvert af fremur stuttum, línulegum gördum austast í sveitinni, oftast garðar sem snúa austur-vestur og hafa verið byggðir á milli gjáa, þá líklega til að skipta landinu upp í beitarhólf eða nytjaeiningar.

Það er athyglisvert að dreifing garðlagana í hreppnum er alls ekki jöfn. Vestarlega í hreppnum eru garðlögin umhverfis rústaþyrpingarnar mun færri og dreifðari og fáum öðrum garðlögum að skipta. Eftir því sem austar dregur fjölgar garðlögum umhverfis rústaþyrpingar og fjöldinn allur af slíkum garðlögum er í hnappi austast á svæðinu. Þar verða líka aðrar tegundir af garðlögum, sér í lagi stök garðlög, sem t.d. afmarka landsvæði á milli gjáa.


¹⁰ Stefán Ólafsson. 2008: 148, Ólafur Jónsson, Fjöllum, munnleg heimild, en þessu hélt faðir hans fram - engar vísbendingar hafa fundist um að sögnin um þetta garðlag sé byggð á gamalli arfsögn.

Við fornleifaskráninguna 2005-2007 voru helstu garðlög merkt inn á kort. Áður en hafist var handa við þrúfuskurði á svæðinu var ákveðið að fara yfir loftmyndir og merkja inn þá garða sem gætu hafa orðið útundan við hefðbundna fornleifaskráningu. Við þessa yfirferð fundust nokkrir nýir garðar og var hið nýja garðakort notað við val á þrúfuskurðum (sjá kort á bls. 10). Eftir kortlagningu var ljóst að lengd garðakerfisins í Kelduneshreppi var á móta mikil og garðakerfisins í Dalvíkurbyggð eða rúmlega 80 km á móti 75 km í Dalvíkurbyggð. Rétt er þó að geta garðarnir í Kelduhverfi eru mun minni að umfangi, þ.e. þeir dreifast, legu sinnar vegna á mun minna svæði en garðar Dalvíkurbyggðar.

Við ákvörðun á staðsetningu skurðanna var haft í huga að skurðirnir dreifðust eins vel og mögulegt væri um úttektarsvæðið svo að þeir gætu gefið mynd af garðakerfinu á svæðinu öllu. Eins var leitast við að grafa í sem fjölbreyttastar leifar garða, bæði lang- og þvergarða sem og garðlög umhverfis búsetuminjar.

4. Könnunarskurðir 2011

Samtals voru teknir skurðir í sex garðlög í sumarlok 2011. Vestast á svæðinu var tekinn skurður í langgarð (austur-vestur) í landi Fjalla (skurður 2), skurður var tekinn í þvergarð, mögulegan hagagarð norðan við Bláskóga (skurður 1), í langgarð (austur-vestur) í landi Garðs (skurður 4) sem líklega skipti landareigninni í tvennt, í þvergarð sem kann að vera á merkjum milli Ingveldarstaða og Tóveggjar (skurður 3), í þvergarð í landi Undirveggjar, til norðurs frá býlinu Hraungerði (skurður 5) og í langgarð milli gjáa (austur-vestur) á Ingveldarstöðum (skurður 6). Engir gripir fundust við uppgreftina. Hér á eftir fylgja niðurstöður könnunarskurða á hverjum stað.




Prufuskurðir í Kelduneshreppi ásamt áætluðum landamerkjum.

Skurður 1: Þvergarður nálægt Bláskógum í landi Laufáss


Ein af áhugaverðari rústaþyrpingum í Kelduneshreppi er í Bláskógum og er um 10 km fyrir sunnan nýbýlið Laufás í Garðslandi. Þar eru fjölmargar rústir og það sem virðist vera þrjú túnstæði, öll afmörkuð með margföldum garðlögum. Ólíkt flestum öðrum rústaþyrpingum í hverfinu er rústanna getið í fornum heimildum en í máldaga

Garðskirkju frá 1553 kemur fram að kirkjan á þá heimaland eyðibýlisins Bláskóga.¹¹ Túnstæðið í miðjunni er stærst en reisulegir garðar umlykja þó einnig rústaþyrpingar austar og vestar. Eftir að skráningu lauk fundust, við yfirferð loftmynda, garðlög frá vestasta túnstæðinu (NP-016:050),



Staðsetning skurðar 1, nálægt Bláskógum

bæði til suðurs og norðurs og var ákveðið að taka fyrsta profuskurðurinn árið 2011 í garðlagið sem liggur frá vestasta túnstæðinu til norðurs.



Suðursnið garðsins, frekari utlistanir á mannvistarlögum sniða er að finna í viðhengi 2

Garðurinn fellur vel inn í umhverfið og á kafla er afar erfitt að rekja hann.

¹¹ DI XII, 642



Suðursnið skurðarins. Ljósmynd Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

Garðurinn er vaxinn lyngi og kjarri og er víðast mjög þýfður. Hann má rekja til NNV í um 750 m áður en hann verður alveg ógreinilegur. Hann er víða um 3 m á breidd en 0,7-0,9 m á hæð.

Skurður var tekinn sunnarlega í garðinn, um 50 m norðan við túngarð vestasta býlisins í Bláskógum (Skurðurinn hefur hnitid $N65^{\circ}59.652$ og $V16^{\circ}46.939$ í vörpuninni WGS84 en $N600701.79$ og $A612615.85$ í landshnitakerfi ISN93).

Í sniðinu voru leifar af illa förnum garði. Við byggingu garðsins hafði torf verið stungið upp við garðinn að vestan en að austan hafði geysimikill uppblástur og rof skemmt jarðvegslög mikið. Garðurinn var



Garðurinn, horft til suðausturs, í átt að Bláskógum. Ljósmynd Árni Einarsson.

byggður á stalli og undir garðinum var Landnámssyrpan (LNS) óröskuð. Garðurinn er hlaðinn úr streng og í torfi hans mátti greina slitrur af H3 og LNS - og sáust nokkur umför af hleðslu. Af/að garðinum lágu ýmis fok- og hrunlög og um 6-8 cm ofan við hann lá gjóska úr Veiðivatnakerfinu, frá 1477. Garðurinn sjálfur var að miklu leyti tilfokinn þannig að litlar heillegar leifar hans fundust í sniði. Engin merki um endurbyggingar eða viðgerðir var að sjá. Ekki var hægt að fullyrða um byggingarlag garðsins þar sem austasti hluti hans var alveg fokinn og skemmdur en af breidd stallsins undir honum að dæma gæti hann hafa verið byggður úr tveimur torfstöplum með fyllingu í miðju. Samkvæmt athugunum Magnúsar Á. Sigurgeirssonar gjóskulagafræðings bendir uppsöfnun jarðvegslaga til að garðurinn hafi verið aflagður löngu fyrir árið 1300 (sjá Viðauka).

Skurður 2: Langgarður við Fremri Fjöll


Skurður 2 var í landi Fjalla, um 3,5 km sunnan við bæ. Skurðurinn var grafinn í garðlag sem liggur til austurs frá umfangsmiklum tóftaleifum sem nefndar hafa verið Fremri-Fjöll (NB-

008:038) og er fyrst getið í Jarðabók Árna og Páls.¹² Þar leynast m.a. skálalaga byggingar og mannvistarleifar sem án efa eru mjög fornar. Garðlagið sést á um 200 m kafla á milli tveggja gjáa austan við rústasvæðið.



Staðsetning skurðar 2 við Fremri Fjöll

Skurðurinn er um 75 m austan við vesturenda þess (hnitið N66 03.046 og V16 57.351 í vörpuninni WGS84 en N592621.26 og V 618654.6 í landshnitakerfi ISN93). Garðurinn er frekar greinilegur og beinn. Hann er lyngivaxinn og víða um 0,6 m á



Vestursnið í skurði 2. Frekari útlistanir á mannvistarlögum sniða er að finna í viðhengi 2

hæð en 2-3 m á breidd.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, 277

Niðurstöður voru að garðurinn hefði aðeins eitt byggingarstig en reyndar voru jarðlög verulega blásin og illa farin - og leifar garðsins afar óskýrar. Undir garðinum var óhreyfð landnámssyrpa en hún var slitrótt og óljós.


Landnámssyrpan var horfin beggja vegna garðsins, hafði greinilega verið skorin í burtu sunnan við og skorin eða horfin í rof að norðan.

Sjálfur garðurinn var á stalli en leifar

hans voru umfangslitlar. Skýrastar voru garðleifarnar allra syðst. Norður frá þeim voru illa farnar og blásnar veggjaleifar, mögulega úr kjarna veggjarins og í þeim var mikið af forsögulegri Heklugjósku. Enn norðar var blásinn bunki af torfi. Þessar síðastnefndu leifar voru mjög óskýrar en virtust mögulega hafa verið betra torf. Ekki er ólíklegt að veggurinn hafi verið með tvöfaldri hleðslu og svo lélegra byggingarefni sett á milli. Næst garðinum að sunnan var flekkótt lag sem virtist traðkað [011] og gæti hafa verið yfirborðslag þegar búið var að stinga upp torf við garðinn sunnanverðan. Yfir og að garðinum lágu nokkur hrun- og foklög. Talsvert ofan við þessi lög var gjóska frá Heklu sem féll 1410. Skammt yfir henni lá svo V-1477.



*Garðurinn hjá Fremri-Fjöllum, horft til vesturs. Staðsetning
prufuskurðar sýnd með gulum kassa.
Liósmvnd Arní Einarsson*



Skurðurinn nálægt Fremri Fjöllum. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en á hægri mynd til austurs. Ljósmyndir: Elin Ósk Hreiðarsdóttir.

Niðurstaða gjóskulagafræðings var því að garðurinn hefði verið hlaðinn löngu fyrir 1410, og hann væri mögulega frá 10. öld. Engin merki sáust um endurbyggingu eða viðhald.

Skurður 3: Þvergarður í landi Ingveldarstaða og Tóveggjar

Þriðji skurðurinn var í garðlag sem snýr norður-suður milli Ingveldarstaða og Tóveggjar. Garðurinn (NÞ-005:012) er greinilegur á rúmlega 1 km kafla en áfram má greina hann til norðurs sem óljósan hrygg og samanlagt er hann um 3,2 km lengd. Garðurinn er samsíða merkjum, rétt vestan þeirra. Líklegast verður að telja að hann hafi verið

landamerkjagarður.

Annar garður liggur samsíða á kafla rúmlega 400 m vestar.


Skurður var tekinn í garðinn um 700 m sunnan við

norðurenda hans sem fjarar út ofan í gjá.


Garðlagið er mjög slitrótt og víða erfitt

að greina það. Garðurinn er vaxinn lyngi, víði og kjarri. Óljósir gönguslóðar sjást á köflum eftir honum. Garðurinn er víða 0,3-0,5 m á hæð en á bilinu 2,5-4 m á breidd.

Skurðurinn var tekinn þar sem garðurinn er sæmilega greinilegur og liggur



Staðsetning skurðar 3



Norðursnið í þriðja skurði

vestan í hólaklasa, í dálítilli hvilft (hnit skurðarins var N66 00.959 V16 34.987 í vörpuninni WGS 84 en í landshnitakerfi ISN93 N 609650.16 og V615374.38).

Skurðurinn leiddi í ljós fremur heillegar mannvistarleifar. Stungið hafði verið niður meðfram garðinum að austan og vestan og garðurinn stóð þannig á eins konar stalli. Í stallinum voru

slitrur af

Landnámssyrpunni

in situ og leifar af

H3. Austan við

garðinn var torf

skorið í burtu niður

á H3 gjósku en á

kafla sést þar

traðklag, líklega frá

því að garðurinn var

byggður. Vestan við

garð voru átta

skófluför frá því að garðurinn var byggður. Holurnar eru 10-15 sm í þvermál og um 8 cm á dýpt og voru fullar af fínfleckóttu lagi.

Garðurinn virðist byggður fljótlega eftir að landnámsgjóskan féll. Sjálfur var garðurinn greinilegur og hlaðinn úr streng. Hann var hlaðinn úr tveimur hleðslum en á milli þeirra var verra hleðsluefni, með miklu af forsögulegri Heklugjósku í. Garðhleðslan er úr sæmilega góðu torfi og sjást í henni þökur á hvolfi með LNS í. Garðurinn er tekin að hrynja til vesturs en er þó enn nokkuð stæðilegur. Engin merki



*Garðurinn í landi Ingveldarstaða fyrir uppgröft, horft til norðurs.
Ljósmynd Stefán Ólafsson.*




Samsett mynd af sniðinu. Fyrir miðri mynd má greinlega sjá vegghleðslurnar tvær og torfruslið með forsögulegri Heklugjósku í, sem sett hefur verið á milli. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

um viðgerðir eða endurhleðslu sáust í sniðinu. Frá/að garðinum er talsvert hrun og áfokslög og yfir þeim er gjóskulagið V-1477. Ljóst er því að garðurinn er frá því löngu fyrir 1477.

Skurður 4: Langgarður í landi Garðs

Skurður 4 var tekinn í langgarð sem snýr austur-vestur í landi Garðs og skiptir landareigninni nálega í tvennt. Garðlagið (NP-016:029) fannst á loftmynd eftir að skráningu lauk. Garðurinn er mjög fornlegur og siginn. Hann er þýfður og vaxinn lyngi og runnagróðri.


Garðurinn er víðast 4-5 m á breidd en samtals tæpleg 2 km á lengd en er slitróttur. Hann fjarar út til beggja átta en gæti hafa náð talsvert lengra í báðar áttir.



Staðsetning skurðar 4

Skurður var tekinn

um 2,8 km sunnan við bæinn Garð og tæpum 50 m vestan við vegarslóða sem liggur upp á Garðsheiði, vestan við Hraunstakkaborg (hnit N66 03.197 V16 47.266 í vörpuninni WGS 84 en í landshnitakerfi (ISN93) er það N600224.48 og A619192.07).



Austursnið í skurði 4 í landi Garðs

Í sniði skurðarins sáust fremur skýr ummerki um tvíhlaðinn torfgarð með lélegra torfi á milli. Jarðvegurinn hafði verið skorinn í burtu beggja vegna garðsins og stóð hann því á stalli. Í stallinum var Landnámssyrpan *in situ* en mjög röskuð. Sjálfur var garðurinn byggður úr streng og voru báðar hleðslurnar fremur vel gerðar þótt ekki væru þær veigamiklar nú. Í torfi voru slitrur af bæði LNS og Heklu 3. Í garðinum voru 3-4 umför af hleðslu og tvær þökur með LNS gjósku í greinilega lagðar á hvolf. Á milli



Garðlag í landi Garðs. Horft til vesturs frá skurði. Ljósmynd Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

torfhleðslanna var lélegra torf og mikið af forsögulegri Heklugjósku í því. Engin ummerki voru um

endurbyggingu eða viðgerðir. Talsvert rof var norðan við garðinn. Frá/að garðinum lágu hrun- og áfokslög en um 6 cm yfir honum var V-1477 gjóska.

Samkvæmt

gjóskulagafræðingi má með hliðsjón af lítilli uppsöfnun

mannvistarlaga á

þessum slóðum, ætla að

garðurinn sé frá því vel fyrir 1300 og hann gæti mögulega verið allt frá því á 10. öld.




Vestursnið skurðar. Ef vel er að gáð sjást tvær torfhleðslur fyrir miðri mynd og lélegra torf á milli. Ljósmynd: Stefán Ólafsson

Skurður 5: Þvergarður frá Hraungerði í landi Undirveggs

Skurður 5 var tekinn í garðlag (NÞ-004:004) sem liggur til norðurs frá rústum Hraungerðis í landi Undirveggjar. Garðurinn er í raun austurhlið hólfis sem er markað af gördum að


norðan og austan en af gjá að vestan. Ekki er ólíklegt að garðurinn hafi markað heimahaga, eða hreinlega landamerki býlisins Hraungerðis.

Svæðið sem um ræðir er um 2 km á lengd (norður-suður) en 700-800




Staðsetning skurðar 5

m á breidd og er sjálft heimatúnið suðaustarlega á því. Garðurinn er slitróttur fast norðan við Hraungerði en verður skýrari eftir því sem norðar dregur. Garðurinn er víða hlaupinn í þúfur og er vaxinn lyngi og kjarri. Hann er víða 4-5 m á breidd en 0,4-



Garðlagið við Hraungerði, skurður 5, suðursnið.

5 m á hæð. Austurbrún garðsins er mun skýrari en sú vestari. Allt í kring eru miklir þúfnaðar. Skurður var tekinn í garðinn tæpum 300 m



*Lega garðlagsins í landi Undirveggjar undirstrikuð með gulum lit.
Horft til NNV. Ljósmynd: Árni Einarsson.*


norðan við þar sem hann liggur frá túnhorni Hraungerðis og um 110 m vestan við vegarslóða sem liggur upp á heiðina á þessum slóðum (hnit hans N66 00.588 V16 37.968 í vörpuninni WGS 84. Í landshnitakerfi (ISN93) voru hnitin N607422.98 og A 614600.63).

Í sniði skurðar 5 sáust merki um illa blásnar

mannvirkjaleifar.

Jarðvegur hafði verið

skorinn í burtu bæði austan og vestan við garðinn við byggingu hans og stóð garðurinn á einskonar stelli. Yfirborðslagið sem komið var niður á við torfskurð [lag 010] var traðkað. Garðurinn var byggður ofan á Landnámssyrpunni óhreyfðri.



*Garðlagið í landi Undirveggs, fyrir uppgröft. Horft til norðurs.
Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.*

Garðurinn var hlaðinn úr streng og mikið af gjósku var í hleðslunni. Sjálfur garðurinn var mjög hruninn og blásinn. Aðeins sást einföld hleðsla vestarlega á stallinum. Til austurs frá garði var hins vegar umfangsmikið torfhrun úr fremur lélegu efni sem gæti hafa verið kjarni garðsins og þar austan við var



*Stallurinn og blásnar garðleifar í suðursniði.
Ljósmynd Elin Ósk Hreiðarsdóttir.*

frekara torfhrun sem gæti verið úr austari hleðslu. Ofan á hruninu er lítil torfstrengur með landnámsgjósku í á hvolfi sem er mjög heillegur en hefur algjörlega færst úr stað. Líklega hefur garðurinn því verið mun breiðari og náð lengra til austurs. Gjóska V-1477 lá yfir hrunlögum en ekki er mikil uppsöfnun á milli. Samkvæmt gjóskulagafræðingi er garðurinn talsvert eldri en V-1477 og gæti mögulega verið frá 10. öld.

Skurður 6: Þvergarður nyrst í landi Ingveldarstaða


Vestan við býlið Ávegg taka við allmiklar gjár sem snúa norður-suður og á milli þeirra eru á nokkrum stöðum afmörkuð hólfl með garðhleðslum til bæði norðurs og suðurs.

Könnunarskurður 6 var tekið í syðra garðlag (NÞ-002:014) af tveimur sem marka norðurhlið hólfs sem er um 750 m á lengd (norður-suður) en mest 270 m á breidd. Innan



Staðsetning skurðar 6

þessa svæðis eru nokkrar tóftir sem ganga undir heitinu Stekkjargerði en ekki er útilokað að svæðið sé upphaflega afmörkun frá býlinu Ávegg. Prufuskurður var tekinn í garðlagið tæpum 80 m vestan við heimreið að Ingveldarstöðum, um 200 m sunnan



Vestursnið garðlags í landi Ingveldarstaða

við Þjóðveg 1 (hnit skurðar N66 02.515 V16 34.560 í vörpuninni WGS 84. Í landshnitakerfi (ISN93) hefur skurðurinn hniðið N609862.58 og A618276.5).

Garðurinn lætur lítið yfir sér á yfirborði, var 0,2 m á hæð austast við gjá en verður reisulegri eftir því sem vestar dregur. Hann er víða 2-3 m á breidd. Garðurinn er

vaxinn snöggu berjalyngi og fellur vel inn í umhverfið.

Skurðurinn í garðinn leiddi í ljós mjög vel varðveitt mannvistarlög. Í sniði var greinilegur garður sem skar sig frá öðrum gördum í sveitinni. Í fyrsta lagi var hann greinilega hlaðinn úr einni/einfaldri hleðslu en ekki tveimur með torfrusli á milli eins og oftast var raunin. Í öðru lagi var ekki að sjá að skorið hefði verið niður með honum og því stóð hann ekki á stelli eins og flestir þeirra garða sem grafnir hafa verið upp í tengslum við garðakerfi á Norðurlandi. Undir garðinum fundust



Garðlag í landi Ingveldarstaða fyrir uppgröft. Horft til vesturs. Ljósmynd Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

leifar af Landnámssyrpurni óhreyfðri en nokkuð raskaðri. Garðurinn var stæðilegur og hlaðinn úr streng. Engin ummerki um endurhleðslu eða viðgerðir var að sjá á garðinum. Frá garðinum var talsvert af hruni og að því hafði safnast talsvert að áfoki. Í suðurenda sniðsins höfðu svo safnast upp að hrunlögum yfir garðinum fjölmargar sandlinsur og gjóskulög. Yfir hrunlögum voru gjóskur frá 1300 (frá Heklu), 1477 (Veiðivötn) og 1717 (Veiðivötn). Garðurinn var því hlaðinn löngu fyrir 1300.

Einkennileg hola kom í ljós við uppgröftinn þó ekki hafi hún lent í sniðinu sjálfu. Hún var um 10 cm í þvermál og fannst undir garðinum og niður í náttúruleg lög. Engar viðarleifar fundust í holunni og lítið af jarðvegslögum hafði hrunið inn í hana. Líklegast er að einhvers konar timbur hafi staðið lóðrétt upp úr jörðinni á þessum stað, áður en garðurinn var gerður. Ekki hafa áður fundist áþekk ummerki í skurðum í garðlög en vörðuleifar fundust undir garðlagi á Fljótshéiði ofan við Hamra



Samsett mynd af vestursniði skurðar 6. Ljósmynd Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Undir mælistiku sést holan sem var neðan við garðinn.

í Suður-Þingeyjarsýslu.¹³ Mögulegt er að holan hafi verið eftir staf sem markaði garðlínuna áður en garðurinn var lagður.

¹³ Oscar Aldred ofl. 2007:14-15

5. Niðurstöður

Prufuskurðir í sex garðlög í Kelduneshreppi sýna að garðarnir hafa allir verið byggðir löngu áður en gjóskulag úr Veiðivötnum féll árið 1477 og gætu flestir hafa verið byggðir á 10. öld. Því miður er varðveisla gjóskulaga í Kelduneshreppi verri en vestar á Norðurlandi og takmarkaði það nokkuð það sem hægt var að segja um aldur garðanna. Gjóska frá því 1300 hafði aðeins varðveist á einum stað, en þar var hún langt yfir hrunlögum úr garði. Hvergi fundust nein merki um gjósku frá 1104 eða önnur eldri gjóskulög (nema frá forsögulegum tíma) – fyrir utan sjálfa Landnámssyrpuna sem alls staðar var að finna beint undir garðlögum en hvergi var hægt að greina á milli laga í henni (þ.e. hvort 940 lagið væri í seríunni).


Niðurstöður uppgrftar benda eindregið til að garðarnir hafi, í það minnsta, ekki verið byggðir síðar en á 10.-13. öld. Takmarkaður fjöldi af vel varðveittum gjóskulögum gerir það hins vegar að verkum að ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um á hversu löngu skeiði garðarnir í Kelduneshreppi voru hlaðnir. Þó má segja að enn sem komið er sé ekkert sem bendi til annars en að helstu garðlögin á svæðinu hafi verið byggð á sama tímarskeiði.

Skurðirnir í garðlögin veittu ekki einungis upplýsingar um aldur garðanna heldur einnig gerð þeirra. Allir garðarnir voru hlaðnir úr torfi og hvergi sáust nein ummerki um grjóthleðslu. Þarf það e.t.v. ekki að koma á óvart enda lítið grjót að hafa á stærstum hluta svæðisins og virðast mannvirki frá fyrri öldum að stærstum hluta hlaðin úr torfi. Algengast var að garðarnir væru hlaðnir með tvískiptri hleðslu og á milli væri hent lélegra efni; torfræflum og torfi með meira magni af forsögulegum Heklugjóskum sem er ekki gott byggingarefni þar sem það loðir illa saman. Slík hleðsla hefur stundum verið nefnd grashleðsla.¹⁴ Aðeins fannst einn garður sem var klárlega ekki hlaðinn á þennan hátt (sjá skurð 6) þó að á einhverjum stöðum væru garðaleifarnar of lélegar til að hægt væri að fullyrða nokkuð um byggingarlag. Byggingarlag garðanna í Kelduhverfi á því lítið sameiginlegt með gördum í Dalvíkurbyggð þar sem allir garðar voru byggðir úr einfaldri torfhleðslu og minnir mikið á garða í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem svipað byggingarlag, tvískipt hleðsla, er algengast.

¹⁴ Sjá Jón Jónsson 1984: 180-181.

Engin merki fundust um endurbyggingar eða viðgerðir á gördunum í Kelduneshreppi, ólíkt því sem var raunin með þau garðlög sem könnuð voru 2010 í Svarfaðardal. Garðarnir í Kelduneshreppi minna því meira á uppgrafna garða í suðursýslunni þar sem endurbygging forngarða virðist næstum óþekkt. Flest bendir til að garðarnir í Kelduneshreppi hafi verið í notkun um skamma hríð og lítið sem ekkert hafi verið gert til að halda þeim við eftir að þeir fóru að hrynja.

Ljóst er að garðakerfið í Kelduneshreppi á mun meira sameiginlegt með gördum sem kannaðir hafa verið í Suður-Þingeyjarsýslu en í Eyjafirði. Garðarnir í Kelduneshreppi eru svipaðir að byggingu og þeir í suðursýslunni og eiga það einnig sameiginlegt með þeim að engin ummerki finnast um endurbyggingu eða grjóthleðslu.



Garðlög í Kelduneshreppi ásamt helstu götum um svæðið

Flest bendir því til að á báðum stöðum kunni tímabil garðahleðslu að hafa verið fremur stutt þrátt fyrir umfangsmikla garða.

Það sem skýrast greinir garðakerfi Kelduneshrepps frá þeim garðakerfum sem áður hafa verið rannsökuð er lega þeirra. Eins og áður hefur komið fram er helsta einkenni garðanna í Kelduneshreppi margfaldir, hringlaga garðar sem umlykja rústaþyrpingar sem eru algengar á svæðinu. Líklegast hafa garðarnir í Kelduneshreppi að stærstum hluta verið byggðir til að afmarka tún og haga í námunda við býli og sel/útstöðvar. Auk hringlaga garðanna er talsvert um fremur stutta, beina garða milli

gjáa sem líklega hafa markað af beitarhólf/nytjaeiningar.

Legu garðanna í Kelduneshreppi gerir það að verkum að þeir hafa aldrei verið notaðir sem göngugarðar um sveitina líkt og oft virðist verða raunin með aflögð garðlög. Fjölmörg dæmi um slíkt er að finna í Suður-Þingeyjarsýslu og þó sérstaklega í Dalvíkurbyggð. Í Dalvíkurbyggð lágu helstu alfararleiðir um sveitina og innan jarða á síðari öldum oft á görðunum og var því trúað að garðarnir væru upprunalega fornir vegir.¹⁵ Þau fáu línulegu garðlög sem finnast í Kelduneshreppi eru hins vegar langt frá þekktum leiðum um sveitina (sjá kort á bls. 32).

Meginhlutverk garðanna í Kelduneshreppi hefur sennilega verið að takmarka umferð búfjár, en sumir þeirra kunna jafnframt að hafa afmarkað eignarhald smábýla innan heimajarðar. Erfitt er að fullyrða um hvers vegna legu garða í Kelduneshreppi er svo frábrugðin öðrum rannsókuðum garðakerfum sem raun ber vitni. Sú staðreynd að hvorki finnast verulegir merkjagarðar, né langgarðar eftir svæðinu má túlka sem vísbendingu um að afmörkun eignarhalds og beitarfyrirkomulag á svæðinu kunni að hafa verið með öðrum hætti en annars staðar, t.d. í suðursýslunni þar sem langgarðar liggja víða ofan byggðar og þvergarðar á merkjum eru áberandi. Ljóst er að gróðurfar og landslag hefur haft mikil áhrif á legu garðanna. Á þeim hluta svæðisins þar sem byggðin er hvað þéttust hefur, eftir því sem best er vitað, ætíð verið þéttur skógur,¹⁶ þótt af almennum líkum megi ráða að hann sé umfangsminni nú en á fyrstu öldum. Mögulegt er að byggðin á svæðinu tengist skógarnytjum en ólíklegt svo hafi verið eingöngu enda benda hin margföldu garðlög til skepnuhalds og/eða ræktunar. Það má því vera að sú staðreynd að ekki finnst mikið af lang- og þvergörðum í Kelduneshreppi gæti tengst því að skógar hafi verið þar þéttir lengur en á mörgum öðrum svæðum.

En hvað annað en gróðurfar og landslag hefur haft áhrif á legu garðlaganna í Kelduneshreppi og orsakað að hún er svo ólík öðrum garðlögum sem raun ber vitni? Vert er að kanna hvort ólík legu garðanna gæti mögulega tengst aldri þeirra. Eins og kemur fram í yfirliti um forn garðlög í heimildum (kafli 2) virðist áhersla lagabókstafsins breytast með tímanum og er minni áhersla t.d. lögð á merkjagarða í Jónsbók en áður, en meiri á garða í kringum tún og engi. Það mætti því túlka sem vísbendingu um að garðakerfið í Kelduneshreppi væri yngra en kerfin í suðursýslunni og Svarfaðardal. Ekkert fannst þó við rannsóknirnar í Kelduneshreppi sem gaf

¹⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2011: 132.

¹⁶ Sjá t.d. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, 296

greinilega vísbendingu um að garðakerfið á svæðinu væri yngra en önnur kerfi sem rannsókuð hafa verið. Skýringuna er því líklega að finna annars staðar.

Mögulegt er að þær rústaþyrpingar sem afmarkaðar voru með gördum víðs vegar um hverfið hafi einungis átt tilkall/eignarhald á því svæði sem garðlög umhverfis þau afmarka, en ekki svæði utan þeirra. Hvort svæðið utan garða hafi verið almenningur og skipst á milli þeirra sem á svæðinu bjuggu (árstíðabundið eða með fasta búsetu) eða tilheyrt öðrum býlum, skal ósagt látið. Allt eins líklegt má telja að svæðið utan garðs hafi tilheyrt heimajörðinni en í flestum tilfellum voru aðaljarðirnar staðsettar mun norðar í sveitinni.

Ljóst virðist að þótt garðahleðsla hafi verið stunduð af miklum móð í Kelduneshreppi á meðan slíkt var við lýði, þá völdu Keldhverfingar að ráðast ekki í garðahleðslu til að afmarka stærri landareignir eða í gerð langgarða sem lágu yfir margrar jarðir. Hvort í þessu felist vísbendingar um öðruvísi eignarhald eða nýtingu en annars staðar skal ósagt látið.

Sú staðreynd að engar vísbendingar fundust um að gördunum í Kelduneshreppi hafi verið haldið við er athyglisverð, sér í lagi í ljósi þess að stór hluti þeirra var umhverfis rústaþyrpingar þar sem gera má ráð fyrir að fólk hafi búið og að viðhald hefði verið auðveldara þar en þar sem garðar liggja fjarri tünnum, um afskekktar heiðar. Þetta bendir því til að annað hvort hafi nýting rústasvæðanna sjálfra verið skammæ eða að viðhald garðanna hafi þótt of tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni og úrelding þeirra sé til marks um hnignandi efnahag eða minnkandi umsvif á smærri býlum og/eða nytjaeiningum. Raunar bendir ýmislegt til að búskaparhættir í Kelduhverfi hafi tekið miklum breytingum á tímabilinu frá 1000-1300. Á árunum 2008-2009 voru grafnir 26 prufuskurðir í þrjár rústaþyrpingar í Kelduhverfi og tvö stærri svæði opnuð á einum staðanna. Lilja Pálsdóttir stjórnaði verkinu sem var unnið vegna vegagerðar sem ljóst þótti að myndi spilla minjum á stöðunum þremur. Skurðirnir sýndu að öll svæðin voru byggð snemma og farin úr notkun allöngu fyrir 1300.¹⁷ Niðurstöður tveggja prufuskurða í Bláskógum, sem Margrét Hermanns-Auðardóttir gróf árið 1997 eru óbirtar en bentu, eftir því sem næst verður komið, í svipaða átt. Allar þær vísbendingar sem prufuskurðir á svæðinu gefa eru því að þétt

¹⁷ Árið 2008 voru samtals teknir 26 skurðir á þremur stöðum, Tóveggjarstekk, Hræksstöðum og Marjúgerði og árið eftir grafið upp tvö svæði innan Marjúgerðis. Uppgröfturinn var gerður vegna Dettifossvegar. Sjá Lilja Pálsdóttir o.fl. 2008 og 2010.

net byggðar/nýtingar hafi risið snemma, líklega fyrir 1000 en verið fallin úr notkun fyrir 1300.

Ýmsar rannsóknir í fornleifafræði, sagnfræði og náttúrufræði benda til að margt í aðstæðum og umhverfi fólks hafi breyst umtalsvert á fyrstu öldum byggðar í nýju landi. Sem dæmi má nefna að á Íslandi er t.d. talið að birkiskógur hafi dregist mjög saman á landnámsöld. Það, eitt sér, hefur án efa haft margvíslegar breytingar í för með sér. Ásýnd lands hefur gjörbreyst, auðveldara varð að hafa gætur á búfénaði og ekki er ólíklegt að bithagar hafi færst til. Eins eru vísbendingar um að búskapur hafi breyst mikið og áhersla á sauðfjárrækt hafi aukist á kostnað nautgripa/kúa. Það má því gera ráð fyrir að umhverfi fólks, efnahagur þess og búskaparhættir hafi almennt breyst mikið á fyrstu öldum og hvert þessara atriða um sig gæti hæglega hafa breytt forsendum fyrir garðhleðslu og valdið því að ekki taldist lengur svara fyrirhöfn að fjárfesta eins og áður í garðhleðslu. Slíkar vangaveltur verða hins vegar aðeins til lykta leiddar með frekari rannsóknum á garðakerfinu í Kelduneshreppi og annars staðar í bland við víðtækari rannsóknir á umhverfisaðstæðum, efnahag og búskaparháttum fyrri alda.

Rannsóknirnar síðustu ára á görðunum í Dalvíkurbyggð og Kelduneshreppi hafa sýnt, svo að ekki verður um villst, að hið mikla garðakerfi sem frægt er í Suður-Þingeyjarsýslu er ekki einsdæmi. Garðarnir í Svarfaðardal og í Norðursýslunni eru sambærilegir þeim suður-Þingeysku og margt bendir til að slík garðakerfi hafi verið að finna mun víðar. Um þetta er hins vegar lítið hægt að fullyrða nema að undangengum frekari rannsóknum.

Heimildir

Bryndís G. Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson. 1986. „Þrælagarður í Biskupstungum“. *Náttúrufræðingurinn* 56. 213-234.

Diplomatarium islandicum, Íslenskt Fornbréfasafn, I-XVI. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2010. *Forn garðlög í Dalvíkurbyggð: Fornleifakönnun á garðlögum í Svarfaðardal og á Árskógsströnd. Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS452-10071.*

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2011. “Af Sveitarlangi og öðrum svarfdælskum gördum” *Súlu: Norðlenskt tímarit.*

Fornleifaskrá. 1990. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík.

Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins. 1992. Reykjavík.

Grágás, Staðarhólsbók. 1974. Óðinsvé.

Grágás, Konungsbók. 1974. Óðinsvé.

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. 1992. „Þvergarður: forn landamerkjagarður á Seltjarnarnesi“. *Rannsóknaskýrslur Fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands XIII.* Reykjavík.

Íslensk fornrit IV: Eyrbyggja saga. 1935. (Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út). Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Íslensk fornrit XI: Austfirðinga sögur. 1950. (Jón Jóhannesson gaf út). Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Íslensk fornrit XIV: Kjalnesinga saga. 1959. (Jóhannes Halldórsson gaf út). Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns XI. 1943. Kaupmannahöfn.

Jóhann Helgason. 1995. “Fornminjar á Seltjarnarnesi: Forngarður á Valhúsaæð”. *Eyjar í eldhafi: Safn greina um náttúrufræði.* Reykjavík. Gott mál. 151-158.

Jón Jónsson. 1984. „Bjarnagarður í Landbroti“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1982.* 181-186.

Jónsbók. Kong Magnus Hakonarsons lovbog for island, vedtaget paa Altinget 1281, 1904. Kaupmannahöfn.

Kristján Eldjárn. 1977. „Skagagarður-fornmannaverk“. *Árbók Ferðafélags Íslands 1977.* Reykjavík. 107-119.

Lilja Pálsdóttir ásamt Magnúsi G. Sigurgeirssyni. 2008. *Fornleifakönnun á framkvæmdasvæði fyrirhugaðs Dettifossvegar: Tóveggjarstekkur, Hæreksstaðir og Maríugerði*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS400-08221.

Lilja Pálsdóttir o.fl.. 2010. *Fornleifauppgröftur á fornu býli í Kelduhverfi: Framkvæmdarannsókn vegna fyrirhugaðs Dettifossvegar*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS443-0906.

Oddgeir Hansson. 2002. *Garður er granna sætti.*, Óbirt B.A.-ritgerð. Háskóli Íslands.

Oscar Aldred, Árni Einarsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir. *Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu/A system of earthworks in northeast Iceland*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS349-03263.

Ólafur Ólafsson frá Fjalli. *Munnleg heimild*. 25.08.2011.

Páll Sigurðsson frá Lundi. 1979. “Tveir garðar fornir í Fljótum”. *Fólk og fróðleikur: Skagfirzkræði*. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur.

Samantekt um Kolsgarð í Flóa: handrit. Sigurður Guðmundsson í Súluholti skráði. Jónína Hafsteinsdóttir gekk frá handriti. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Sigurður Þórarinnsson. 1982. “Bjarnagarður”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1981*. 5-39

Stefán Ólafsson. 2008. *Fornleifaskráning í Kelduneshreppi*. Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS392-05131.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar I-VI. bindi. 1961. Reykjavík.

Fornleifarannsókn í Kelduhverfi sumarið 2011

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netföng: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is / masiq@mmedia.is

INNGANGUR


Þann 30. ágúst 2011 var farin vettvangsferð í Kelduhverfi, N-Þingeyjarsýslu. Skoðuð voru snið í garðlög á alls sex stöðum, við Fremri Fjöll, Hraunstakkaborg, í Bláskógum, Hraungerði, í garð milli Ingveldarstaða og Tóveggis og við Stekkjargerði. Tilgangurinn var að aldursgreina garðana með hjálp gjóskulaga. Skoðuð voru jarðvegssnið á öllum stöðunum, gjóskulög greind, afstaða þeirra til fornminja könnuð og sýni tekin til frekari athugana.

Rannsóknir hafa sýnt að nokkuð er af gjóskulögum í jarðvegi á Norðausturlandi sem koma að notum við aldursákvarðanir fornminja. Þau gjóskulög sem best hafa nýst í þeim tilgangi eru, Landnámslagið (LNL) frá því um 870, V~940, H-1104, H-1158, K-1262, H-1300, V-1410, V-1477 og V-1717. Á N- og NA-landi er svokölluð Landnámssyrpa (LNS) yfirleitt skýr en í henni eru allt að sex dökk gjóskulög með stuttu millibili, þegar best lætur. Lögin mynduðust á rúmlega 200 ára tímabili. Á Norðurlandi verður Landnámssyrpan ógreinilegri eftir því sem norðar er farið. Yngsta lagið í LNS er V~940. Þykkt LNS er á bilinu 4-6 cm (Sigurður Þórarinnsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984; 1992, Árni Einarsson *et al.* 1988, Karl Grönvold *et al.* 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 1998; 2002; 2008, Magnús Á. Sigurgeirsson *et al.* 2002; 2008).

NIÐURSTÖÐUR

Fremri Fjöll (skurður í garðlag)

Skurður var grafinn þvert á garðlag. Gjóskulögin V-1477 og H-1410 liggja yfir garðinn. Landnámssyrpan er óljós undir garðinum, einstök lög í henni sjást illa. Gröftur með Heklu-3 er næst ofan á LNS. Garðurinn er frá því löngu fyrir 1410, gæti verið allt frá 10. öld (mynd 1). (Hnit: 66° 03,049', V16° 57,351')



Mynd 1. Snið frá Fremri Fjöllum og Hraunstakkaborg.

Hraunstakkaborg (mjög útflatt garðlag)

Landnámssyrpan er *in situ* undir torfinu, mjög röskuð. Torfið inniheldur slitrur af LNS og Heklu-3. Allt að fjögur umför af torfi má sjá í garðinum. Tvö lög úr LNS má greina í torfinu, sem hefur verið lagt á hvolf. Eina gjóskulagið sem sést yfir garðinum er V-1477, um 6 cm yfir honum. Garðurinn er sjáanlega frá því löngu fyrir 1477. Með hliðsjón af jarðvegsþykknun í Kelduhverfi (gróflega áætluð 3 cm á öld) má draga þá ályktun að garðurinn sé frá því vel fyrir 1300. Mögulega gæti hann verið frá 10. öld.

(Hnit: 66° 03,196', V16° 47,270')

Bláskógargerði (í landi Garðs)

Gjóskulagið V-1477 liggur 6-8 cm yfir torfi garðsins. Landnámssyrpan er *in situ* undir garðinum. Torf leggst næst ofan á hana. Slitrur af Heklu-3 og LNS eru í torfi. Nokkur umför eru sjáanleg. Ljóst er að garðurinn er frá því löngu fyrir 1477. Með hliðsjón af þykknunarhraða jarðvegs má draga þá ályktun að hann sé frá því fyrir 1300. Líklega er hann mun eldri.

(Hnit: 65° 59,653', V16° 46,938')

Hraungerði (í landi Undirveggs)


Torf liggur næst ofan á LNS. Hrun er úr garðinum (torfblendingur) til austurs með óljósa byggingu. Garðurinn er mjög útflattur. Ofan á hrunið leggst torfstrengur með LNS (á hvolfi). Gjóskulagið V-1477 liggur yfir garðinn, lítið bil er sjáanlegt þar á milli. Ljóst er að garðurinn er talsvert eldri en V-1477. Mögulega gæti hann verið frá 10. öld.

(Hnit: 66° 00,591', V16° 37,967')

Garður milli Ingveldarstaða og Tóvegs

Garðurinn situr næst ofan á LNS, sem er *in situ* undir honum. Í honum er strengur með LNS á hvolfi. Einnig eru þar slitrur úr Heklu-3. Um 4 cm yfir garðinum er gjóskulagið V-1477. Ljóst er að garðurinn er fallinn úr notkun löngu fyrir 1477.

(Hnit: 66° 00,959', V16° 34,984')



Mynd 2. Snið frá Stekkjargerði og Ingveldarstöðum.

Stekkjargerði (í landi Ingveldarstaða)

Í sniði sem mælt var 0,5 m frá S-enda skurðar í V-bakka, má sjá nokkur gjóskulög. Þar mátti m.a. greina V-1717, V-1477, H-1300 og lög úr LNS. Sandlinsur eru áberandi í sniðinu. Þar kom fram að H-1300 liggur yfir torfhrun úr garðinum, sem sýnir að hann sé frá því alllöngu fyrir 1300. (Hnit: 66° 02,514', V16° 34,562')

Niðurlag

Berlega kom fram í þessari rannsókn að þekkjanleg gjóskulög frá því eftir landnám eru fá í Kelduhverfi. Einkum eru það þrjú lög sem koma að gagni, V-1717, V-1477 og H-1300. Einnig er LNS varðveitt þar, en oft röskuð og með fáum gjóskulögum. Jarðvegur í LNS er dekkri en neðar. Verulegur munur er á varðveislu gjóskulaga í Kelduhverfi og í Mývatnssveit, þar sem þau eru fleiri og skýrari.

Þær fornleifar sem hér eru til umfjöllunar eru allar frá tímabilinu 10.-13. öld, en frá því tímabili er engum nothæfum gjóskulögum til að dreifa, eins og komið hefur fram. Elsta gjóskulagið er V~940, sem er þunnt og fremur illa varðveitt. Greinilegt er að garðarnir eru allir löngu fallnir (komnir úr notkun) áður en gjóskulagið V-1477 fellur. Sameiginlegt er með görðunum að í þeim er torf með LNS áberandi, ásamt flekkjum af Heklu-3. Landnámssyrpan hefur sjáanlega legið nærri yfirborði þegar torfið var skorið, á fárra sentímetra dýpi. Flest rök hníga að því að garðarnir séu mjög fornir, líklega frá miðri 10. öld til 11. öld.

HELSTU HEIMILDIR

- Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson 1988: Mývatn: Saga lífríkis og gjóskutímatál í Syðriflóa. Náttúruverndarráð, fjölrit 17.
- Guðrún Larsen 1982: Gjóskulagatímatál Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.
- Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. J Volcanol. Geotherm. Res. 22: 33-58.
- Guðrún Larsen 1992: Gjóskulagið úr Heklugosinu 1158. Yfirlit og ágrip, Veggspjaldaráðstefna, Jarðfræðafélag Íslands, s. 25-27.
- Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. Earth and Planetary Science Letters 135: 149-155.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998: Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. Archaeologia Islandica 1: 110-118.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2002: Fornleifarannsókn á Gásam í Eyjafirði 2002 – Gjóskulagagreining. Greinargerð 02/2002.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2008: Fornleifarannsókn í Kelduhverfi, við Dettifossveg. Gjóskulagagreining. Greinargerð 01/2008.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Hafliði Hafliðason 2002: Gjóskulagarannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar. Vorráðstefna 2002. Ágrip erinda og veggspjalda, Jarðfræðafélag Íslands, s. 36-37.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Ulf Hauptfleisch, Árni Einarsson 2008: Gjóskulög frá 700-1250 e.Kr. í botnseti Mývatns. Í: Archaeological investigations at Sveigakot 2006 (ritstj.: Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson). Fornleifastofnun Íslands, FS376-00217.
- Sigurður Þórarinnsson 1968: Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.

VÍÐAUKI 2: Nánari útlvistun á mannvistarlögum í skurðum

Skurður 1 – Bláskógar

- [001] Mjög gróft rótarlag
- [002] Uppsöfnun/áfok. Áþekkt lag og 001 en þéttara í sér, dökkbrúnt að lit.
- [003] V. 1477. Lagið samanstendur nær eingöngu af gjósku en þar sem það er þykkast virðist það aðeins blandað áfoki. Lagið hefur aðeins rofnað beint yfir garðinum. Þykkt vestan við garð.
- [004] Áfokslag, ljósrauðbrúnt, frekar einsleitt. Einhverjar leifar af forsögulegri Heklugjósku. eru í því á einstaka stað. Mjög mikil hreyfing er á laginu vestan við garðinn.
- [005a] Óhreyfð H3 gjóska.
- [005b] H3 gjóska sem hefur blásið inn í önnur lög.
- [006] Nokkuð hreint torf en er talsvert langt frá aðalvegg. Líkt lagi 013.
- [007] Stallur undir garðinn. Í honum er Landnámsgjóskan óhreyfð. Verður mjög blásið til austurs. Stallurinn er mis skýr. Mörkin að vestan eru mjög óskýr og er vesturendi stallsins algjörlega rofinn. Landnámssyrpa er óhreyfð í honum.
- [008] Veggur. Afar illa farinn. Í honum sjást þó greinilega torflinsur, t.d. 2 torfur á hvolfi. Garðurinn er hærri norðan megin í sniðinu.
- [009] Vindsorfið lag með torflinsum, sérstaklega vestan við garð en beint ofan á garði er það fremur einsleitt. Liggur yfir lagi 014. Steinn aðgreinir þetta lag frá lagi 014.
- [010] Hrunlag frá vegg. Mjög flekkótt næst vegg en verður hreinna og vindsorfnara eftir því sem nær dregur vesturenda. Var skipt upp í 010a a næst vegg en 010b fjær.
- [011] Uppsöfnun, rauðbrúnt lag, frekar einsleitt.
- [012] Þétt lag, mögulega troðið. Fór í flögur þegar var grafið upp. Hvítar flygsur í því. Þetta lag nær upp að niðurskurði við stall að vestan.
- [013] Náttúrulegt lag.
- [014] Blásið torfhrun – neðst um miðbikið er rauðbrún linsa og í henni eru heillegri rendur en annars staðar. Víða talsvert af H3 í laginu.
- [015] Niðurgröftur.
- [016] Niðurgröftur
- [017] Áfok/uppsöfnun.

Skurður 2 – Fremri Fjöll

- [001] Gróft, svarbrúnt rótarlag.
- [002] Rótarlag, svipað og 001 en ekki eins laust í sér.
- [003] V. 1477 mjög misþykkt. Hlykkjast yfir hrunlög í garðinum. Illgreinanlegt syðst og fjarar út um 1 m frá suðurenda. Mest 5-6 cm á þykkt.
- [004] Vindblásið lag, ljósbrúnt, líklega þykkasta lagið í öllum skurðinum. Lítil linsa er í laginu sunnarlega þar sem aðeins meiri hreyfing er í því – dökkgráir flekkir þar. Nálægt norðurenda eru flekkóttar leifar af H3 á um 1 m löngum kafla.
- [005] Vindsorfið hrunlag sem liggur upp að garðinum að sunnan. Í því er mikið af flekkjum af forsögulegri Heklugjósku. Í laginu var kolaflekkur.
- [006] Vindsorfið hrunlag frá garði að norðan. Í því er talsvert af H3 flekkjum.
- [007] Veðraður garður. Talsvert dekkra en 005 og 006 og flekkirnir eru grófari, dökkgráir og svartir.

[008] Millibrún, vindсорfin lag, áþekkt 009 en þetta lag er flekkóttara (meiri dökkir flekkir) og hreyfðara.

[009] Millibrún, vindсорfin lag, áþekkt 008.

[010] Þétt lag sem liggur upp að niðurgreftinum hjá pallinum. Áfokslag með örlítið af flekkjum, næst veggnum. Aðeins leirkennt.

[011] Traðkað lag, H3 og svört gjóska í því, óreglulegt, flekkótt syðst en næst pallinum er gáru gangur í því og sum staðar hefur það blandast náttúrulegu (rauðbrúnu lagi) undir. Gæti verið yfirborðslag sem hefur verið raskað með fótsporum.

[012] Veggur. Ekki skýr bygging og hvergi greinilega strengjahleðslu að sjá. E.t.v. ekki byggt úr góðu efni. Stærsti massinn í veggnum er H3 en hann gæti mögulega hafa verið í miðju milli tveggja betri torfhleðsla. Á öðrum stað sjást leifar af torfi sem virðist örlítið betra. Ein þaka upp á rönd. Efnið virðist lélegt og garðurinn hefur ekki varðveist vel.

[013] Stallur undir garði. Landnámssyrpa er mjög óljós í stallinum og talsverð hreyfing virðist vera þar, mögulega rof. Svolítið af H3 er í pallinum en það hefur verið skorið í burtu við hann og nær sá niðurgroftur nærri því alla leið niður á H4. Greinilegur niðurskurður sést beggja vegna við stall.

[014] Dökkgrá gjóska, H3 gjóska og rauðbrúnt náttúrulegt lag. Skorið að norðan.

[015] Niðurgroftur/skurður.

[016] Niðurgroftur/skurður.

Skurður 3 – Garður mögulega fyrrum á merkjum Ingveldarstaða og Tóveggs.

[001] Rótarlag.

[002] Rótarlag, svipað og 001 en einsleitara og þéttara í sér.

[003] V.1477 gjóska. Gjóskan er talsvert blásin sumstaðar, sérstaklega til austurs en er heildstæðari til vesturs. Víða 1-3 cm á þykkt.

[004] Áfok. Millibrúnt lag, örlítið fjólublátt til austurs. Örlítið af gráum flekkjum eru í því austast þar sem það er talsvert blásið.

[005] Hrunlag úr vegg, skýrasta hrúnið sem sést frá vegg en samt talsvert fokið til.

[006] Áfok. Millibrúnt en með dökkum flekkjum. Austast verður það rauðbrúna.

[007] Áfok svipað og 006 en dekkra (með dökkum flekkjum). Liggur í lögum til austurs.

[008] Mjög blásið vegghrun, talsvert af H3 flekkjum.

[009] Áfok vestast í skurði. Blandað torfhruni. Litrík en annars dæmigert áfok.

[010] Áfok/traðk. Flekkótt lag með skýrum H3 flekkjum. Sitt hvorum megin við [í lagi 017] er H3 í bunkum en hefur verið skorið þarna niður holu en verið traðkað eða hrúnið úr því.

[011] Torfhrun. Linsa með stórum H3 flekkjum. Er í raun í botni 009 en sker sig algjörlega frá því lagi þar sem hún er með mjög áberandi H3. Minnir talsvert á miðju hleðslu garðs.

[012] Blásið vegghrun, dekkra en 008. Gróft og einsleitt, dökkbrúnt lag

[013] Áfok, undir því er H3 sem hefur aðeins fokið upp í það.

[014] Holufylling í um átta skófluförum sem eru vestan við garð. Holufyllingin var mjög þétt og fínflekkt lag. Holurnar eru 10-15 sm í þvermál og um 8 cm á dýpt.

[015] Veggur/garður. Nær yfir allan stallinn ólíkt því sem var á flestum hinna staðanna. Hann er nokkuð stæðilegur og er hlaðinn úr tveimur torfeiningum með

lélegra torfi á milli. Hann er hlaðinn úr streng. Hann er allur farinn að halla undan brekkunni til vesturs. Í garðinum sjást 3-4 einingar af strenghleðslu.

[016] Veggmiðja úr verra hleðslufni en veggur 015. Mikið af H3 gjósku áberandi.

Virðist hrærðara að neðan en vottar fyrir strengjahleðslu að ofan

[017] Stallur undir garði. Greinileg landnámsgjóska sést í stalli og skorið hefur verið í burtu beggja vegna. Mikið af forsögulegum Heklugjóskum sjást einnig í stallinum.

[018] Niðurgröftur

[019] Niðurgröftur.

Skurður 4 – Langgarður í landi Garðs, við Hraunstakkaborg

[001] Rótarlag. Á einstaka stað var 0,5-1 cm milli rótar og V.1477 (002) en það var ekki skráð sérstaklega.

[002] V. 1477. Neðan við gjóskuna fylgir henni fjólublátt örfínt lag sem er yfirborðslag á þeim tíma sem gjóskan féll (og kæfði) samkvæmt Magnúsi Á. Sigurgeirssyni gjóskulagafræðingi. Virðist hafa blásið upp í U-laga form.

[003] Áfok og hrun. Dökkgráar gjóskurendur eru í því.

[004] Áfok og hrun. Svipað og 003 en sunnan við garð.

[005] Áfok og hrun, næst vegg. Hreinna hrun en lög 003 og 004.

[006] Torfhrun með H3 flekkjum. Fínfleckkóttara lag en hrunlög 003-005.

[007] Áfok og hrun. Millibrúnt lag með einstaka torfleckjum í. Lag 008 er hálfgert eiginlega í þessu lagi en er greinilega fokið upp úr náttúrulegu lagi fyrir neðan.

[008] H3 gjóska sem fokið hefur inn í lagið fyrir ofan.

[009] Torfhleðsla úr streng sem borist hefur talsvert langt frá garði. Virðist vera hrun á hvolfi. Virðist þannig hafa borist nokkuð langan veg í heilu lagi.

[010] Áfok syðst í skurðinum, dökkbrún.

[011] Áfok sem hefur myndast fljótlega eftir að skorið hefur verið niður hjá pallinum. Mjög fínfleckkótt með dökkgráum flekkjum.

[012] Uppblásið áfokslag með lóðréttum H3 röndum neðarlega. Norðan megin við niðurgröftinn, fast við það. Mjög áþekkt 013 en í 012 eru H3 rendur sem liggja í botninum en virðast aðeins hreyfðar og hafa mögulega þyrlast upp. Annars er lagið frekar einsleitt, dökkt að lit.

[013] Millibrúnt áfokslag, svipað og 010 en ekki með H3 gjósku. Liggur ofan í skurðinum norðan við garð.

[014] Garðurinn. Hlaðinn í tveimur hleðslum og með lélegra torfi á milli. Torfbunkinn sunnan megin hefur enga H3 gjósku og stendur betur. Torfbunkinn að norðan er meira skemmdur og í honum er H3 gjóska. Í torfhleðslunni sjást 3-4 umför af hleðslu (sérstaklega í vestursniðinu).

[014b] Á milli tveggja torfhleðsla í garðinum er verra torf. Það er mest H3 drasl, svolitlar rendur sjást en miðjan er mikið blásin.

[015] Stallurinn er skorinn beggja vegna en skurðurinn er þó ógreinilegri að norðan og virðist svolítið rofinn þar. Landnámsgjóska er í stallinum.

[016] Niðurgröftur.

[017] Niðurgröftur.

Skurður 5 – Undirveggur (suður frá Hraungerði)

[001] Rótarlag. Lagið þykkt og gróft nær víðast niður að V. 1477. Á einstaka stað mátti sjá örlitla uppsöfnun á milli rótarlags og gjósku [002] en það var ekki merkt sérstaklega.

[002] V. 1477 gjóska blönduð jarðvegi. Fjólublátt yfirborðslag fylgir gjóskulaginu undir því víða þar sem gjóskan hefur kæft yfirborðsgróður. Gjóskan er víða mjög þykk.

[003] Áfok/uppsöfnun. Einsleitt, millibrúnt lag, nær alveg til vesturs.

[004] Áfok með torfdeplum í. Lagið er fínna til vesturs, bæði í áferð og er fínfleckóttara.

[005] Áfok. Uppblásið neðst. Svipað og 004 en hreinna lag. Lagið er millibrúnt og einsleitt á löngum kafla. Helst hreyfing vestast í því, mögulega úr náttúrulegu lagi fyrir neðan.

[006] Áfok, fínfleckótt, dökkbrúnt. Flekkir af H3 eru í því.

[007] Áfok- og hrunlag. Mjög litríkt og torfblandað lag. Í því eru rendur.

[008] Torfhrun sem er mikið blásið, líklega úr vegg en ólíkt vegghleðslunum tveimur sem mynda vegginn. Talsvert af H3 gjósku er í hruninu. Gæti þessi hluti verið hrun úr miðju veggins?

[009] Áfok, ljótleitt. Lag sem liggur upp að 008. Vindsorfið lag. Einsleitt að austan en meiri hreyfing er í því að vestan og þar er það ljósara.

[010] Áfok, liggur undir torfhruni [011]. Er dökkbrúnt, fínfleckótt og þétt í sér. Lagið hefur verið yfirborðslag þegar búið var að skera torf í burtu umhverfis stallinn og virðist aðeins traðkað. Leifar af H3 eru í laginu.

[011] Torfhleðsla, líklega hrun en mjög fín strengjahleðsla í því. Er í raun betri hleðsla en veggurinn sjálfur. Engin H3 gjóska er í hleðslunni. Frá þessum hluta er einni lóðrétt hleðsla sem gæti verið hrun úr þessu. Torfið er hins vegar ofan á rusli í halla og því engin leið að rökstyðja eiginlega byggingu á þessum stað og því verður þetta líklegast að flokkast sem hrun.

[012] Áfok. Frekar einsleitt dökkbrúnt lag.

[013] Veggur/Garður. Neðsti hlutinn er skýrastur. Virðist hlaðinn úr streng. Það má sjá eina hleðslu neðst og aðra efst en garðurinn er mjög illa farinn

[014] Stallur sem garðurinn stendur á. Skorið hefur verið niður beggja vegna með honum. Í stallinum er Landnámssyrpan óröskuð.

[015] Niðurgröftur.

[016] Niðurgröftur.

Skurður 6 – Ingveldarstaðir

[001] Rótarlag.

[002] Áfok/uppsöfnun. Einsleitt lag, millibrúnt að lit.

[003] Dökkgrá gjóska á stuttum kafla upp á hrunlag. Líklega 18. aldar lag skv. gjóskulagafræðingi.

[004] Áfok, dökkbrúnt og einsleitt (eins og 006)

[005] Örpunnt dökkgrá gjóska, V.1717. Hún skiptir lögum 004 og 006 í tvennt.

[006] Áfok, dökkbrúnt og einsleitt (eins og 004).

[007] Áfok og uppsöfnun. Rauðgult lag, aðeins grófara en 004 og 006. Frekar einsleitt.

- [008] V.1477. Neðst í henni má greina fjólubláa línu. Þykkt lag sem nær yfir öll hrundlögin og allt sniðið
- [009] Þunnt áfoks/uppsöfnunarlag, ljósbrúnt, eða appelsínugult einsleitt og nær yfir allt svæðið
- [010] Mjög gróft sandlag.
- [011] Uppsöfnunarlag, frekar einsleitt og gulleit. Mjög áþekkt 013 en grábrúnna.
- [012] H-1300. Örpunn dökkgrá gjóska sem skipir áfokslögum 011 og 013 upp í tvennt. Aðeins slitrótt.
- [013] Uppsöfnunarlag, frekar einsleitt. Mjög áþekkt 011 en þetta lag er rauðleitara.
- [014] Gróf sandlinsa, mjög svipuð og 010.
- [015] Áfok og torfhrun. Lagið er flekkótt á köflum, þó mest næst veggnum. Nyrst í þessu lagi má greina smá slitrus af sandlinsu.
- [016] Gróft sandlag, svipað og 010 og 014.
- [017] Blásið torfhrun. Flekkótt lag, dökkrauðbrúnt með gulbrúnum flekkjum. Svipað og 015 en í þessu lagi eru meiri torfflekkir.
- [018] Blanda af torfhruni og áfoki. Mjög líkt lagi 019 en 018 er örlítið meira blásið.
- [019] Blanda af torfhruni og áfoki. Mjög líkt 018.
- [020] Hrun og áfok. Talsvert mikið torf í því. Á einstaka stað má sjá torfrendur úr vegg.
- [021] Veggur/garður. Garðurinn er byggður úr einni hleðslu en 7-8 umför af torfi sjást í honum. Greinilegustu rendurnar er í miðjunni en verður óljósari til beggja enda. Ekki er hægt að tala um eiginlega stall undir garðinum þar sem garðvegur beggja vegna við garðinn hefur ekki verið skorinn í burtu. Jarðvegurinn undir garðinum er yriðttur. Hóla er 2 cm frá norðursniði í skurðarbotni. Hún lág í gegnum landnámssyrpuna og önnur lög undir garði og hefur verið þarna áður en garðurinn var gerður. Hólan er um 10 cm í þvermál. Hefur sennilega verið 30 cm á dýpt. Var alveg hol og engin fylling í henni.
- [022] Náttúrulegt lag með Landnámssyrpu í.